



Leikskólinn Jötunheimar

Skólanámskrá 2022-2027



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Kjörorð Jötunheima – Leikurinn á vísdóm veit.....	3
Einkennismerki Jötunheima	3
Námsumhverfi.....	4
Námssvið leikskólans.....	4
Leikur og nám	5
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	6
Læsi og samskipti.....	7
Læsisstefna leikskólans Jötunheima.....	8
Heilbrigði og vellíðan	10
Heilsueflandi leikskóli	11
Heilsustefna Jötunheima	12
Sjálfbærni og vísindi	13
Sköpun og menning	14
Fjölskyldan og leikskólinn	16
Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar / Agastefna Jötunheima	17
Orðræðan okkar	18
Mat á námi og velferð barna	19
Mat á leikskólastarfi	20
Tengsl skólastiga.....	21
Starfsmannastefna	22
Hagnýtar upplýsingar	23
Deildir leikskólans og símanúmer.....	23
VALA - app	23
Heimildaskrá.....	24

Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-6370

Netfang: jotunheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

Inngangur

Skólastarf Jötunheima byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að markmiðum hennar með gerð skólanámskrár.

Meginmarkmið með uppeldi og kennslu í leikskóla eru:

- ☘ að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- ☘ að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- ☘ að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- ☘ að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- ☘ að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- ☘ að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta

(Lög um leikskóla 2008, 2. gr.)

Á grundvelli þess sem kveðið er á um í lögum um hlutverk leikskóla og áherslum í aðalnámskrá hafa verið skilgreindir grunnþættir í menntun sem eiga að vera leiðarljós í almennri menntun og uppeldi í skólakerfinu:

- ☘ læsi í víðum skilningi
- ☘ sjálfbærni
- ☘ heilbrigði og velferð
- ☘ lýðræði og mannréttindi
- ☘ jafnrétti
- ☘ sköpun

(Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 22)

„Við erum í leikskóla af því að við erum börn og þar lærum við að gera hluti, lita, hlusta, leika saman og ekki meiða hvert annað.“

Ummæli frá börnum

Kjörorð Jötunheima – Leikurinn á vísdom veit

Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við frjálsa og sjálfspottna leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við að gefa börnum tækifæri til að læra á eigin forsendum og þróa með sér vináttu, skapandi hugsun og gleði. Við leggjum ríka áherslu á að andrúmsloft okkar einkennist af vináttu og gleði.

Í leikskólanum viljum við að börn læri að:

- ✿ bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki, umhverfi sínu og öllum lifandi verum
 - ✿ vera skapandi einstaklingar sem blómstra í samfélagi með öðrum
 - ✿ tileinka sér læsi í víðum skilningi
 - ✿ njóta hreyfingar úti og inni og neyta hollrar fæðu
 - ✿ leika sér með efnivið sem er skapandi og fræðandi
 - ✿ læra í gegnum leikinn
 - ✿ styrkja vináttubönd

Hlutverk kennara er að:

- ✿ stuðla að góðri samvinnu við foreldra
- ✿ kenna börnum lýðræðisleg vinnubrögð
- ✿ mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur
- ✿ bjóða upp á fjölbreyttan efnivið til skapandi starfs
 - ✿ stuðla að vellíðan barna í leikskólanum
 - ✿ efla félagsfærni og sjálfstæði barna
- ✿ búa börnunum kærleiksríkt umhverfi í leikskólanum

Einkennismerki Jötunheima

Skólaárið 2021-2022 fór fram hönnunar- og hugmyndavinnu á einkennismerki leikskólans. Við hönnun merkisins var haft í huga að það endurspeglaði leikskólastarfið okkar, sem fer fram meðal kennara og barna. Mikilvægt var að Heilsueflandi leikskóli væri sýnilegt og hann Lubbi okkar. Kosið var á milli tveggja hugmynda og tóku börn, foreldrar og kennarar leikskólans þátt í kosningunni sem fór fram í febrúar 2022. Einkennismerki Jötunheima var afhjúpað á öskudaginn 2. mars 2022.

Námsumhverfi

Leikskólinn Jötunheimar tók til starfa í september 2008 með sameiningu leikskólanna Glaðheima og Ásheima í nýju 980 fm. húsnæði. Húsnæði og búnaður leikskólans er sniðinn að þörfum barna og kennara og því starfi sem þar fer fram.

Í Jötunheimum eru sex deildir, þrjár deildar eru staðsettar í hvorum enda hússins. Deildum og öðrum vistarverum voru gefin nöfn gamalla húsa í sveitarfélaginu Árborg. Húsgögn eru í lágmarki og ekki látin taka of mikið rými svo gott pláss er til leikja á gólfi. Stór salur er í leikskólanum og skiptist notkun hans milli deilda. Þar fer fram skipulögð hreyfing og er hann einnig notaður fyrir ýmsar uppákomur.

Efniviður til leikja er fjölbreyttur og samanstendur af leikföngum og endurnýtanlegu efni sem hægt er að umbreyta í það sem hugmyndir barna og kennara gefa kost á hverju sinni. Lóð leikskólans er stór og býður upp á marga möguleika í leik og starfi.

Umhverfi leikskólans er fjölbreytilegt. Göngustígar eru um allt hverfið og stutt í tvo leikvelli. Einnig er ræktaður skógur í næsta nágrenni þar sem hægt er að ganga um, fara í leiki, skoða náttúruna og læra um gróður og dýr.

Námssvið leikskólans

Hér á eftir er námssviðum leikskólans gerð skil með þeim markmiðum og leiðum sem fléttast inn í leikskólastarfið. Námssviðin taka mið af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011). Grunnþættirnir eru:

- ☘ Læsi
- ☘ Sjálfbærni
- ☘ Lýðræði og mannréttindi
- ☘ Jafnrétti
- ☘ Heilbrigði og velferð
- ☘ Sköpun

„Það verða að vera reglur svo við vitum hvað við eigum að gera og svo enginn meiði mann og leiki saman“

Ummæli frá börnum

Vert er að hafa í huga að leiðir að markmiðum hvers þáttar geta verið breytilegar í takt við tíðaranda og endurmenntun. Markmið og leiðir að grunnþáttum menntunar birtast í starfsáætlun leikskólans. Þessi áætlun er gerð í upphafi hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Leikur og nám

Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Hann er æðstur allra leikja og gleðigjafi. Til þess að glæða leikinn lífi þarf barnið að búa að fjölbreyttri upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum. Af þeirri reynslu skapast þekking, athafnir, leikni og nýjar tilfinningar. Í leiknum læra börn að umgangast hvert annað af virðingu og fá bæði notið hvíldar og útrásar. Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við það.

Leikurinn er kennsluáferð kennarans. Með því að virða leikinn, skoða hann, þekkja og vera þátttakandi í honum fær kennari góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum barnanna. Reynsla og þekking kennara gerir honum kleift að lesa tilfinningar og líðan barns með því að fylgjast með leik þess.

Hlutverk kennara er að hlúa vel að samskiptum allra. Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar ef á þarf að halda, til að styðja leikinn eða grípa inn í ef þörf krefur.

Markmið:

- ✿ að börn læri í gegnum leik
- ✿ að ímyndunarafli og sköpunargleði þeirra fái notið sín
- ✿ að börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í leik
- ✿ að börn læri og tileinki sér reglur og eflum um leið samskipti og tilfinningatengsl

Leiðir:

- ✿ kennarar eru til staðar og styðja börn í leik, leiðbeina og hjálpa börnum í samskiptum eins og þarf til að auðvelda lausnir í samskiptum
- ✿ kennarar gera leiknum hátt undir höfði og boðið er upp á fjölbreyttan efnivið
- ✿ börnum er kennt að virða leikinn og sýna sveigjanleika en jafnframt er tekið mið af þörfum hvers einstaklings á hans eigin forsendum

Leikur er nám og nám er leikur

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð og þátttaka einstaklinga sem gerir þá færa um að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Lýðræði og jafnrétti eiga að vera hluti af öllu námi. Leikskólinn er fyrir börn með ólíkar þarfir og getu. Taka þarf tillit til mismunandi þroska og reynslu einstaklinga og hvert barn þarf viðfangsefni við sitt hæfi svo það geti notið sín á eigin forsendum. Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Börnin skulu upplifa sig sem hluta af samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.

Markmið:

- ☘ að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði og að allir hafi jafnan rétt óháð kyni, kynþætti og ólíkum þörfum
- ☘ að allir fái sömu tækifæri og möguleika til að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum
- ☘ að leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun, að börn geti tjáð sig og skoðanir sínar og virt skoðanir annarra
- ☘ að börn hafi vægi í ákvarðanatöku í málefnum sem snerta þau en læri jafnframt að þau hafi ekki alltaf val
- ☘ að börn beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- ☘ að efla félagsfærni
- ☘ að börn öðlist sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum
- ☘ að börn læri að sýna umhyggju, virðingu kærleika og samkennd
- ☘ að samskipti einkennist af virðingu, kurteisi, sjálfstæði og samábyrgð
- ☘ að stuðlað sé að góðri samvinnu milli kennara, foreldra og nemenda

Leiðir:

- ☘ samskipti eru kennd í gegnum leik og daglegar athafnir
- ☘ börn læra sönglög og hlusta á sögur sem fjalla um vináttu og vinsemd og mikilvægi þeirra
- ☘ börn eru hvött til að prófa sig áfram í öllu daglegu starfi og athöfnum
- ☘ kennarar hlusta á börnin og hvetja þau til að tjá skoðanir sínar og tilfinningar
- ☘ kennarar sýna börnum, foreldrum og samstarfsfólki umhyggju, kurteisi, virðingu og vináttu og er þannig góð fyrirmynd
- ☘ kennarar og foreldrar hafa virkt samstarf

Læsi og samskipti

„Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 42). Málrækt og málörvun eru grundvallarþættir í starfi leikskólans og fléttast inn í allt starf og leik barnsins.

Til grundvallar í okkar málörvunarstarfi er námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Í gegnum leikinn sprettur fram ný þekking og skilningur og barnið öðlast ótal tækifæri til tjáskipta og málörvunar sem leggur grunn að máltilfinningu þess.

Markmið:

- ☘ að börn læri samskipti og læsi í gegnum leikinn
- ☘ að börn læri að lesa í tilfinningar sínar og annarra, kennarar hjálpi barninu að setja orð á tilfinningar sínar
- ☘ að efla málþroska og málskilning barna
- ☘ að stuðla að jákvæðu og örvandi málumhverfi
- ☘ samtal um innihald, boðskap og myndir bóka
- ☘ leggja áherslu á orðskýringar í lestri bóka
- ☘ áhersla á málörvun í öllum aðstæðum
- ☘ börn þjálfist í umhverfislæsi

Leiðir:

- ☘ námsefnið *Lubbi finnur málbein*
- ☘ börnum er kennt að setja sig í spor annarra og rætt er um tilfinningar og líðan,
- ☘ börn eru hvött til að spyrja, segja frá og hlusta af athygli
- ☘ kennarar vanda málfar sitt og orðræðu og eru þannig góð fyrirmynd
- ☘ daglegar sögustundir og umræður um efni bóka
- ☘ gott aðgengi að bókum
- ☘ börn eru hvött til að semja sögur, læra þulur, vísur og kvæði
- ☘ leikir með rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu
- ☘ söngstundir með fjölbreyttu lagavali
- ☘ tákni með tali er notað til að styðja við málþroska barna
- ☘ nöfn barna og annað ritmál eru höfð sýnileg, t.d. á hólfum þeirra, skúffum og myndum

„Kennararnir hjálpa okkur að ganga frá dóti, fylgjast með öllum og segja krökkunum að meiða ekki“

Ummæli frá börnum

Læsisstefna leikskólans Jötunheima

Leikskólinn leggur áherslu á læsi í víðum skilningi. Það er gert með því að efla:

Þáttur	Aðgerð	Hvar/hvernig	Hver
<p>Hljóðkerfisvitund Skilgreining: Með hljóðkerfisvitund er átt við þann hæfileika að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins, að skilja að í orðum eru hljóð. Bein tengsl eru milli hljóðkerfisvitundar og lestrar. Þættir í hljóðkerfisvitund eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Rím. ✓ Sundurgreining setninga í orð. ✓ Sundurgreining orða í hljóð. ✓ Hljóðgreining fyrsta og síðasta hljóð í orði. ✓ Samsetning og sundurtekning orða. ✓ Hljóðtenging. ✓ Stafir og hljóð. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Málörvunar- og Lubbastund: Fámenn stund þar sem farið er yfir þætti hljóðkerfisvitundar og málhljóðin með aðstoð Lubba. ✓ Gripa tækifærin í skipulögðu og óskipulögðu starfi: æfa þætti hljóðkerfisvitundar. ✓ Hvetjandi námsumhverfi fyrir börnin. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Markviss málörvun. ✓ Lubbastund/lubbasöngstund einu sinni í viku á hverri deild. ✓ Gripa tækifærin á hverjum degi í öllum stundum dagsins. ✓ Í leikskólanum er fjölbreytt starf þar sem hljóðkerfisvitund er þjálfuð í skipulögðu starfi, leik og útivist. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjóri. ✓ Allt starfsfólk leikskólans. ✓ Nýta styrkleika alls starfsfólks í leikskólanum við allar aðstæður. ✓ Starfsfólk er meðvitað um starfið og tækifærin.
<p>Orðaforði</p>	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Unnið með orðaforða í gegnum leik sem og allar daglegar athafnir. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Samverustund ✓ Lestrarstundir: Daglegur lestur. ✓ Söngstundir: Daglega. ✓ Lubbi: Einu sinni í viku. ✓ Hreyfing: Í salnum læra börnin ný orð sem tengjast hreyfingu, líkamanum og heilsu. ✓ Leikur: Leikurinn er besta námsleið barna. ✓ Útivist og gönguferðir: Farið er að lágmarki út einu sinni á dag og miðað er við að gönguferðir séu einu sinni í viku. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjóri. ✓ Allt starfsfólk leikskólans. ✓ Allt starfsfólk leikskólans er meðvitað um að nota fallegt og rétt mál við börnin. Það gripur öll tækifæri sem gefast til að auka og efla orðaforða barnanna og hvetja þau til að nota orðin sín.
<p>Mál- og hlustunarskilningur</p>	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Mikilvægt að vinna daglega í markvissri málörvun sem eykur hlustunarskilning. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Bókaormur. ✓ Orðaspjall. ✓ Orðaskjóða. ✓ Markviss málörvun. ✓ Lubbastundir. ✓ Spil. ✓ Lesstund. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjóri. ✓ Allt starfsfólk leikskólans.

Þáttur	Aðgerð	Hvar/hvernig	Hver
Tjáning og samskipti	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Börnin tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta í öllum aðstæðum. ✓ Ýta undir frásagnarhæfni barna og virka hlustun. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Alltaf og við allar aðstæður. ✓ Umræður eru í öllu daglegu starfi. Allir eru vakandi fyrir því að beita virkri hlustun og hlusta á öll börn. ✓ Starfsfólk er meðvitað um að vera góðar fyrirmyndir í samskiptum og tjáningu. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjóri. ✓ Allt starfsfólk deildarinnar. ✓ Allt starfsfólk leikskólans. ✓
Leikur með stafi og hljóð	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Mikilvægt að börnin hafi góðan tíma fyrir frjálsan leik. ✓ Umhverfi þeirra er læsishvetjandi. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Myndrænt skipulag. ✓ Nöfn barna á skúffum og hölfum. ✓ Hljóð, myndir og stafir settir á vegg, húsgögn eða aðra hluti. ✓ Lestur, söngur, þulur og rím. ✓ Lubbastund og Lubbasöngstund. ✓ Markviss málörvun. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjóri. ✓ Allt starfsfólk deildarinnar.
Samstarf heimilis og skóla	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Kynningarfundir. ✓ Foreldrasamtöl ✓ Dagleg foreldrasamskipti. ✓ Sýnileg viðfangsefni. ✓ Fréttir af starfinu okkar. ✓ Hvetja foreldra til lestrar á fræðsluefni. ✓ Orðaspjallið heim – Orðaskjóðan 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Foreldrasamtöl og kynningarfundir: Foreldrar eru fræddir um mikilvægi læsis. ✓ Dagleg samskipti. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Kennarar. ✓ Foreldrar.
Tvítýngd börn	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Útbúa verkferla. ✓ Skipulag skólastarfsins. ✓ Umhugað um góð samskipti milli starfsfólks deilda og foreldra – fordómaleysi. Huga að orðræðu innan leikskólans. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Mikilvægt að barnið fái góða samverustund í lestri. Eitt og með hóp. ✓ Myndrænt dagskipulag á öllum deildum. ✓ TMT þar sem það á við. ✓ Markvisst skipulagt starf á öllum deildum. ✓ Útbúa spurningarlista fyrir foreldrasamtöl. 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Deildarstjórar. ✓ Allt starfsfólk leikskólans.
Læsisstefna leikskólans Jötunheimar var unnin sam eiginlega í starfsm annahóprum þegar leikskólinn tók þátt í þróunarverkefninu Árangursrikt læsi í viðum skilningi.			

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði er andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan. Heilbrigð samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu. Í Jötunheimum er lögð áhersla á markvissa alhliða hreyfingu. Hreyfing er mikilvæg jafnt úti sem inni en öll börn fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað því hreyfing leysir úr læðingi sköpunarkraft og framkallar gleði, vellíðan og sterka sjálfsmynd. Lykilatriði í hreyfiuppeldi barna er að þau læri í gegnum leik og gefa þarf honum gott rými.

Í Jötunheimum er lögð áhersla á að boðið sé upp á hollan og fjölbreyttan mat sem er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis. Eftir hádegismat fara öll börn í hvíld eða slökun en fyrirkomulagið fer eftir aldri og þörfum.

Markmið:

- ☘ að hlúa að alhliða þroska og heilbrigði barnanna
- ☘ að hlúa að grunnþörfum hvers barns
- ☘ að efla líkamsvitund og þau læri persónulega umhirðu
- ☘ að auka hreyfigleði og hreyfiþroska
- ☘ að styrkja jafnvægi, styrk, samhæfingu og auka úthald
- ☘ að börn læri að þekkja muninn á spennu og slökun
- ☘ að efla félagsþroska og samkennd
- ☘ að börn fræðist um holla næringu

Leiðir:

- ☘ tekið er tillit til þarfa og getu hvers einstaklings
- ☘ hreyfileikir sem þjálfar ýmis stöðu- og rýmishugtök og styrkja þrek og hugrekki
- ☘ slökun eftir hreyfistundir
- ☘ útivera og skipulagðar gönguferðir
- ☘ áhersla er lögð á fjölbreytt og hollt mataræði
- ☘ almennt hreinlæti er kennt, meðal annars mikilvægi handþvottar
- ☘ takmarka kyrrsetu barnanna, brjóta upp stundir með hreyfingu
- ☘ hrósa, viðurkenna og hvetja

Hreyfing er börnum eðlislæg

Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn Jötunheimar er Heilsueflandi leikskóli sem er verkefni á vegum Embættis Landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem fléttast inn í leikskólastarfið. Þeir eru:

- ☘ hreyfing
- ☘ fjölskylda
- ☘ geðrækt
- ☘ mataræði
- ☘ nærsamfélag
- ☘ starfsfólk
- ☘ tannheilsa
- ☘ öryggi



Árið 2017 varð leikskólinn formlega þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi leikskóli. Sett var á laggirnar teymi sem í sitja fulltrúar kennara og foreldra.



Heilsustefna Jötunheima

Í heilsustefnunni er mótuð framtíðarsýn um lífsgæði og velliðan í heilsueflandi skóla.

Leikskólinn Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli. Markmið skólans er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsuhvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Til að þetta markmið náist verður lögð áhersla á samvinnu milli stjórnenda, starfsfólks, nemenda, aðstandenda og annarra sem að leikskólasamfélaginu koma svo sem nærsamfélag. Jafnframt verður lögð áhersla á að hvetja til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og að hafa jákvæð áhrif á daglegar venjur og starf í skólanum.



Börn eru gullnáma, það er hlutverk hinna fullorðnu að fá gullið til að glóa

Sjálfbærni og vísindi

Lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa, er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er mannum nauðsynleg til að geta skilað henni heilli til komandi kynslóða. Barnið þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar og komast í lífandi tengsl við hana og njóta hennar, skoða og gera tilraunir. Kennarar ýta undir áhuga og forvitni og leita lausna sem leiða til vísindalegrar hugsunar. Í leikskólanum eru til ýmis tæki sem gera viðfangsefnið áþreifanlegra og hjálpa enn frekar við að rannsaka og skoða það sem við höfum í höndunum hverju sinni. Til grundvallar í okkar lífsleikni og félagsfærninámi er námsefnið *Bína Bálreiða* haft til hliðsjónar.

Lögð er áhersla á að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur, skila mjólkurförnum og pappakössum í gáma og að endurnýta pappír og annan efnivið sem til fellur.

Markmið:

- ☘ að barnið þekki og virði náttúruna, sitt nánasta umhverfi og fjölbreytileika þess
- ☘ að barnið kynnist endurvinnslu og endurnýtingu
- ☘ að efla vísindalega og heimspekilega hugsun
- ☘ að börn kynnist veðrinu á öllum árstímum
- ☘ að börnin nái þeirri færni að vera læs á eigin tilfinningar og annarra
- ☘ að efla færni í félagslegum tengslum og sjálfstæði

Leiðir:

- ☘ námsefnið *Bína Bálreiða*
- ☘ göngu- og vettvangsferðir eru nýttar til að kynna umhverfið og njóta í fjölbreyttu umhverfi
- ☘ farið er eftir reglum um umgengni innan og utan leikskólalóðar
- ☘ umræður um veðurfar og árstíðir
- ☘ hljóð, lífríki, skordýr og jurtir í umhverfinu eru könnuð og virðing borin fyrir öllu lífi
- ☘ Flokka pappír, plast, lífrænan úrgang og málma
- ☘ Fara vel með leikföngin og allan efnivið og nýta pappír vel

Það dýrmætasta sem við gefum börnunum
okkar er tími

Sköpun og menning

Skapandi starf fléttast inn í alla námsþætti leikskólans. Lögð er áhersla á sköpunarferlið sjálft en ekki afraksturinn og að börnin noti sitt eigið hugmyndaflug og skapi á eigin forsendum. Þau hafa meira val um viðfangsefni eftir því sem þau eldast. Sköpun er mikilvæg fyrir undirstöðufærni í lestri, skrift og töluðu máli og má þar meðal annars nefna takt og hrynjanda.

Börn kynnast smám saman því samfélagi sem þau lifa í. Leikskólastarf á hverjum stað mótast af þeim skilyrðum. Mikilvægt er að öll börn kynnist eigin menningu og siðum en jafnframt menningu og siðum annarra þjóða.

Markmið:

- ☘ að börn geti tjáð tilfinningar sínar og upplifanir í gegnum sköpun
- ☘ að börn njóti listar í hvaða formi sem er
- ☘ að börn séu virk sem skapandi einstaklingar og fái tækifæri til að sýna getu sína í verki og styrkja með því sjálfsmyndina
- ☘ að efla samstarfsvilja, samstarfshæfni og félags-, tilfinninga- og vitsmunapróska barna
- ☘ að efla líkamlega og listræna skynjun barna
- ☘ að börn kynnist nánasta umhverfi sínu
- ☘ að börn kynnist menningu og listum
- ☘ að börn kynnist og taki þátt í hátíðum og hefðum í samfélaginu og leikskólanum
- ☘ að börn kynnist öðrum menningarheimum og siðum annarra þjóða

Leiðir:

- ☘ kennarar hafa trú á hæfni barnsins til skapandi starfs og ber virðingu fyrir vinnu þess
- ☘ áhugi og eðlislæg forvitni barna um viðfangsefni eru nýtt
- ☘ að skapa gott, afslappað andrúmsloft
- ☘ að börn kynnist fjölbreyttum efniviði og vinnuaðferðum í sköpun
- ☘ börn tengja saman ólík form sköpunar og koma upplifun sinni á framfæri
- ☘ mismunandi efniviður er notaður, bæði inni og úti
- ☘ börn fá að vinna bæði ein og í hópi
- ☘ göngu- og vettvangsferðir
- ☘ listasýning í lok vetrar
- ☘ heimsóknir í bókasafnið
- ☘ þátttaka í Vor í Árborg
- ☘ haldið er í hefðir tengdar íslenskri menningu

- ❁ haldið er upp á afmæli barna
- ❁ útskriftarferð 6 ára barna er farin á vorin
- ❁ útskrift elstu barna fer fram við hátíðlega athöfn
- ❁ vorhátíð fyrir börn og fjölskyldur þeirra
- ❁ ýmislegt uppbrot á hefðbundnu leikskólastarfi



Börn hafa hundrað mál en frá þeim eru tekin
nítíu og níu (Loris Malaguzzi)

Fjölskyldan og leikskólinn

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast kennslu barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólinn er viðbót og stuðningur við uppeldi þeirra en kemur ekki í stað þess. Mikilvægt er að samskipti og samstarf foreldra og kennara leikskólans byggist á gagnkvæmu trausti.

Í Jötunheimum er lögð áhersla á jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna og eru aðstandendur hvattir til þátttöku í viðburðum á vegum leikskólans. Dagleg samskipti eru undirstaða foreldrasamstarfs og mikilvægt er að tengjast barni og foreldrum með því að heilsa barni með nafni og bjóða góðan dag.

Markmið:

- ☘ að rækta samskipti og samvinnu milli leikskóla og heimila
- ☘ að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- ☘ að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Formlegt samstarf:

- ☘ foreldrasamtal við upphaf leikskóladvalar
- ☘ kynningarfundur með nýjum foreldrum
- ☘ árleg foreldrasamtöl
- ☘ kynningarfundur að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið
- ☘ tölvusamskipti
- ☘ foreldrafélag, stjórn foreldrafélags er skipuð 6 foreldrum sem skipta með sér verkum
- ☘ foreldraráð, í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og funda reglulega með stjórnendum leikskólans
- ☘ heimasíða leikskólans: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Óformleg samskipti:

- ☘ dagleg samskipti kennara og foreldra
- ☘ kennarar heilsa börnum og foreldrum í upphafi dags og kveður í lok dags
- ☘ myndaskráning úr hópastarfi og leik barnsins sem foreldrar hafa aðgang að
- ☘ veggtafla þar sem skráðar eru upplýsingar um starf dagsins
- ☘ börn á yngri deildum gera myndahús með myndum af foreldrum og nánustu ættingjum

Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar / Agastefna Jötunheima

Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst er við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Uppeldisnámskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* byggir á bókinni *Uppeldisbókin – að byggja upp færni til framtíðar* eftir Edward R. Christophersen og Susan L. Mortweet. Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu.

Leiðarljós *uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* er að stuðla að jákvæðri hegðun barna frá upphafi og draga þannig úr líkum þess að þurfa að kljást við hegðunarörðugleika síðar meir. Jafnframt er tekið mið af þeirri færni sem við viljum sjá hjá barninu síðar meir og stuðla að því að þroskamöguleikar barnsins nýtist sem best. Til þess að svo verði er stuðst við jákvæðan aga í uppeldi, skipulag, framsýni, ákveðin mörk, skýr skilaboð, virka hlustun, mikilvægi fyrirmynda og markvissa notkun umbunar (Christophersen og Mortweet, 2008).

Ef vel er unnið að þessum þáttum frá upphafi eru minni líkur á ýmiskonar vandamálum og því um ákveðna forvörn að ræða.

Sem hluti af innleiðingarferli á agastefnu Jötunheima voru einkunnarorð hennar valin af kennurum Jötunheima með hliðsjón af jákvæðum aga og uppeldisnámskeiðinu *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*. Þessa eiginleika telja kennarar Jötunheima ákjósanlega færniþætti í góðri uppeldisfærni og mikilvægt að allir kennarar leikskólans tileinki sér þá í starfi sínu.

- ✿ Polinmæði
- ✿ Jákvæðni
- ✿ Fyrirmynd
- ✿ Staðfesta
- ✿ Virðing



Hegðun er ekki meðfædd heldur lærð

Orðræðan okkar

Í Jötunheimum hefur skapast ákveðin orðræða kennara við börnin sem tengja má við jákvæðan aga. Mikilvægt er að börnum séu sett skýr mörk á milli þess sem þau ráða og hverju þau stjórna ekki og tekur orðræðan mið af því.

Í orðræðu við börnin má finna setningar eins og „nú skulum við...“ eða „nú ætlum við...“ Í stað þess að bjóða uppá val við spurningu, þegar ekki er óskað eftir því líkt og gert er með spurningunni „eigum við að koma...“. Þegar börn hafa val milli hluta er þeim boðið að „velja“ en ekki „ráða“ t.d. þegar þau velja sér sæti, mega þau velja hvar þau sitja. Valið stendur þó einungis á milli þeirra sæta sem ekki eru upptekin þegar valið fer fram.

Hlutverk kennara er að vera fyrirmynd barnanna í jákvæðri og tillitsamri orðræðu við samstarfsfólk, börn og foreldra.



Mat á námi og velferð barna

Þegar barn hefur dvöl í Jötunheimum koma foreldrar í samtal við deildarstjóra þar sem skipst er á upplýsingum um barnið og starfsemi leikskólans. Foreldrar gera grein fyrir stöðu barnsins og deildarstjóri upplýsir foreldra um leikskólastarfið.

Deildarstjóri, ásamt öðrum kennurum, fylgist með þroska, getu, áhuga og samskiptum barnsins og skráir hjá sér upplýsingar. Þær eru ætíð trúnaðarmál. Ef eitthvað gefur tilefni til að hafa áhyggjur af þroska og getu barnsins leitar deildarstjóri til sérkennslustjóra sem veitir honum leiðbeiningar um hvað skal gera. Ef talin er þörf á meiri aðstoð er ávallt leitað til foreldra sem þurfa að gefa skriflegt leyfi fyrir vísun barns til sérfræðinga. Tekið er tillit til mismunandi getu og áhuga einstaklinga og er matið því einstaklingsmiðað.

Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir við að safna og skrá upplýsingar um þroska og nám barnanna.

- ✿ Skimunarlistinn TRAS er notaður fyrir alla nemendur
- ✿ Greiningartækið Hljóm-2 er notað til að kanna hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi skólans
- ✿ teknar eru myndir af daglegu starfi
- ✿ hvert barn á ferilmöppu sem í er safnað ljósmyndum, myndverkum, teikningum og frásögnum þeirra
- ✿ myndbandsupptökur eru notaðar til að skoða samskipti
- ✿ börn meta skólastarfið með ýmsum hætti
- ✿ samræmt form er notað í foreldrasamtölum
- ✿ Íslenski þroskalistinn, AEPS og Smábarnalistinn eru notaðir til að kanna getu barns þegar grunur vaknar um þroska- eða hegðunarfrávik
- ✿ Orðaskil er lagt fyrir alla nemendur á aldrinum 2,9 – 3 ára til að kanna orðaforða og orðanotkun
- ✿ einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn þegar á þarf að halda

Sköpum börnum tækifæri til að takast á við
verkefni sem hæfa hverjum og einum

Mat á leikskólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í 19.gr. laganna segir að sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi. Tilgangur með mati er að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Skólar skulu síðan gera grein fyrir viðmiðum námsmats í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum kennurum skólans sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þannig aukum við gæði skólastarfsins og stuðlum að umbótum, tryggjum réttindi barna og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á leikskólastarfi er með ýmsum hætti og skiptist í innra og ytra mat. Þar sem skólastarf er umfangsmikið hefur leikskólinn gert matsáætlun (sjá starfsáætlun leikskólans) til fimm ára.

Innra matinu er ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Innra mat fer fram daglega þar sem kennarar eru sífellt að velta fyrir sér leiðum og aðferðum sem gagnast best í skólastarfinu. Deildarstjórafundir, deildarfundir, starfsmannafundir og skipulagsdagar eru vettvangur kennara til að gera mat og áætlanir. Í Árborg er miðað við að spurningalistar séu sendir til foreldra annað hvert ár þar sem þeir eru beðnir um að leggja mat á starfið.

Ytra mat er framkvæmt af Menntamálastofnun fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati er lagt mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Matið er framkvæmt með því að rýna í fyrirliggjandi gögn um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, kennara og foreldra.



Það læra börn sem fyrir þeim er haft

Tengsl skólastiga

Samstarf leik- og grunnskóla í Árborg byggist á tveggja daga heimsóknnum elstu barnanna í apríl. Skólaheimsóknirnar fara fram eftir að almennum kennsludegi grunnskólans lýkur.

Markmið heimsóknanna er að kynna grunnskólann fyrir börnunum. Þau fá að skoða skólann og taka þátt í ýmsum verkefnum undir stjórn grunnskólakennara. Undirbúningur er í höndum teymis um samstarf leik- og grunnskóla en í því sitja kennara yngstu barnanna í grunnskólunum og deildarstjórar elstu barnanna í leikskólanum. Óformlegar heimsóknir eru í boði á skólatíma þar sem börn fá að koma inn í bekk og skoða frístund. Á hverju hausti koma nemendur í fyrsta bekk í tvær heimsóknir í leikskólann. Skilafundur er haldinn á hverju vori þar sem sitja fulltrúar beggja skólastiga.



*Einstaklingur sem er með jákvæða sjálfsmynd
er umburðarlyndari og skilningsríkari á
tilverurétt annarra skoðana en hans eigin*

Starfsmannastefna

Leikskólastjóri og kennarar skólans er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara í leikskóla nr. 87/2008. Starfsmannastefna Jötunheima tekur mið af starfsmannastefnu sveitarfélagsins en byggir einnig á lykilhugtökum í mannlegum samskiptum. Litið er á kennara sem dýrmætan mannaúð og mikilvægt er að hver einstaklingur fái að nýta fjölbreytta hæfni sína.

Starfsmannastefnu Árborgar má finna hér:

<http://www.arborg.is/stjornsysla/stefnur/starfsmannastefna/>

Þetta viljum við að einkenni starfið og samskiptin í Jötunheimum:

- ☘ góð samvinna, jákvæðni, samstarfsvilji, samstaða og góður andi í starfsmannahópnum*
- ☘ fagleg vinnubrögð og þróun*
- ☘ gleði, ánægja og léttleiki*
- ☘ virðing og traust*
- ☘ hreinskilni, heiðarleiki og tillitssemi*
- ☘ umburðarlyndi, hjálpssemi og viðurkenning*
- ☘ hlustun, velvilji og vinátta*
- ☘ gott skipulag, kraftur og dugur*
- ☘ að ólík viðhorf séu virt og fái notið sín*
- ☘ að vel sé tekið á móti börnum, foreldrum og nýju fólki*

Hagnýtar upplýsingar

Deildir leikskólans og símanúmer

Almennar upplýsingar

Nafn: Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3

Póstnúmer: 800 Selfoss

Símanúmer: 480-6370

Leikskólastjóri: 480-6372

Aðstoðarleikskólastjóri: 480-6373

Símanúmer deilda

Aðalból: 480-6384

Fagurgerði: 480-6381

Fossmúli: 480-6386

Merkiland: 480-6385

Sólbakki: 480-6383

Sunnuhvoll: 480-6382

VALA – smáforrit

VALA - appið

Foreldrar eru hvattir til að sækja VALA-appið til að nálgast upplýsingar um viðveru barnsins, skoða ljósmyndir, matseðil og fréttir. Í appinu er einnig hægt að tilkynna fjarveru barns hvort sem um er að ræða veikindi eða fri. Kennarar yngri deilda skrá í appið hvernig barnið borðaði í hádegi og hvað það svaf lengi í hvíldinni.



Appið er aðgengilegt á App Store og Play Store velja foreldrar
Vala Leikskóli.

Vala.is

Á vala.is geta foreldrar sótt um breytingu á vistun, flutning í annan leikskóla og fri án gjaldtöku þegar sá valmöguleiki er opinn. Jafnframt geta foreldrar sótt um afslætti af leikskólagjöldum á vala.is ef það á við.

Leikurinn á vísdom veit

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Christophersen, E.R. og Mortweet, S.L. (2008). *Uppeldisbókin, að byggja upp færni til framtíðar* (Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu). Skrudda ehf.

Lög um leikskóla, nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008.